



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um húsnæði fyrir heimilislausa karlmenn að Skeggjagötu 1

Þann 17. apríl 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um húsnæði fyrir heimilislausa karlmenn:

Meirihlutinn í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um hvers vegna úrræði fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni hefur ekki enn hafið starfsemi. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað velferðarsviðs vegna leigu á húsnæðinu við Skeggjagötu fram til þessa dags.

Svohljóðandi greinargerð fylgir fyrirspurninni:

Velferðarráð samþykkti að vísa tillögu um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni 2. nóvember 2022 til fjárhagsáætlunar. Í dag 17. apríl 2024, 532 dögum síðar, liggur fyrir velferðarráði viðbótartillaga vegna reksturs úrræðisins. Úrræðið hefur þó ekki enn verið opnað og ekki liggur fyrir hvenær það muni hefja starfsemi sína. Meirihlutinn í velferðarráði óskar því eftir upplýsingum um hvers vegna úrræðið hefur ekki enn hafið starfsemi.

Á fundi velferðarráðs 21. desember 2022 var þá samþykkt svohljóðandi tillaga: „, [...] Velferðarráð ítrekar að velferðarsviði var falið að fjármagna stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni samanber fundargerð frá fundi velferðarráðs miðvikudaginn 2. nóvember. Tillaga þess efnis skal lögð fram á fundi ráðsins 11. janúar.” Ekki var lögð fram tillaga 11. janúar í samræmi við þessa tillögu. Það var hins vegar gert á fundi velferðarráðs 1. febrúar 2023, en þá var samþykkt breytingartillaga velferðarráðs við tillögu sviðsstjóra um fjármögnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn.

Svar:

Áður en ákveðið var að koma á fót tímabundnu húsnæði fyrir heimilislausa karlmenn að Skeggjagötu voru sex herbergi í húsinu leigð út til einstæðra karla. Til að hægt væri að hefjast handa við endurbætur á húsinu, sem var nauðsynlegt áður en hægt væri að opna húsnæðið, þurfti að segja upp gildandi húsaleigusamningum og úthluta leigjendum öðru húsnæði. Ekki náðist að útvega öllum húsnæði og tæma húsið fyrr en í mars 2023 eða um mánuði eftir að velferðarráð samþykkti breytingartillögu sviðsstjóra um fjármögnun neyðarhúsnæðisins þann 1. febrúar 2023, þrátt fyrir að stysti lögbundinn uppsagnarfrestur hafi verið sex mánuðir.

Skoðun vegna nauðsynlegra endurbóta á húsinu gat hafist þegar þáverandi íbúar voru fluttir út og kom þá í ljós að umfangsmiklar framkvæmdir og endurbætur þyrfti að gera til að hægt væri að opna þar húsnæði fyrir heimilislausa karlmenn. Framkvæmdir töfðust síðan vegna ýmissa þátta. Má þar nefna að töf var á að gluggar kæmu erlendis frá en nauðsynlegt var að skipta um alla glugga í húsinu, vinna við pípulagnir gekk illa og rakaskemmdir komu í ljós á nokkrum stöðum í húsinu á síðari stigum. Skipta varð út öllu gólfefni, öllum hreinlætistækjum (salernum, handlaugum og sturtum), brjóta niður vegg til að stækka eitt herbergi upp í



viðunandi stærð. Þvottaaðstaða var útbúin, eldhús endurgert að fullu ásamt nýrri eldhúsinnréttingu og nýjum mjög slitsterkum gólfefnum. Útbúa þurfti aðstöðu fyrir starfsmenn og var leitað til umhverfis- og skipulagssviðs vegna þess m.t.t. laga og reglugerða sem þarf að horfa til vegna starfsmannaaðstöðu. Huga þurfti að tölvu- og öryggismálum og koma upp myndavélum og öðrum öryggisbúnaði í og við húsið. Sumarfrí iðnaðarmanna tófðu einnig framkvæmdir.

Í febrúar 2023 upplýstu Félagsbústaðir velferðarsvið að gróf kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 30 m.kr. í viðgerð á Skeggjagötu; 15 m.kr. innanhúss og 15 m.kr. á ytra byrði.

Í september 2023 voru áætluð verklok talin geta orðið í lok október 2023 en þá var unnið að því að setja upp hurðir, eldhúsinnréttingar og frágangi á gluggum. Þá höfðu komið í ljós aðrar rakaskemmdir sem þurfti að lagfæra. Um miðjan október 2023 var ljóst að verklok myndu tefjast og talið var þá að þau gætu orðið í nóvember 2023. Á samráðsfundi velferðarsviðs og Félagsbústaða þann 13. desember 2023 kom fram að gert var ráð fyrir að klára framkvæmdir að Skeggjagötu um áramót 2023/24. Unnið var þá að uppsetningu tölvubúnaðar og öryggismyndavéla.

Á haustmánuðum 2023 óskuðu Félagsbústaðir eftir að gerður yrði samningur milli velferðarsviðs og Félagsbústaða vegna skemmda sem leigjendur kynnu að valda á húsnæðinu og að afhending á húsnæðinu færi ekki fram fyrir en sá samningur væri frágenginn. Samningurinn var samþykktur í velferðarráði 17. apríl 2024.

Í janúar og febrúar 2024 var unnið að ráðningarmálum starfsmanna, uppsetningu öryggismyndavéla og tölvulagna ásamt innkaupum á stofnbúnaði. Ráðinn var nýr forstöðumaður sem sinnir tveimur úrræðum, Njálsgötu, sem er heimili fyrir heimilislausa karlmenn og Skeggjagötu, tímabundið húsnæði fyrir heimilislausa karlmenn.

Í mars sl. voru tillögur að úthlutun í herbergin á Skeggjagötu tilbúnar. Í gegnum allt ferlið var unnið að gerð þjónustusamninga sem gerðir verða við íbúa, húsreglna og húsaleigusamninga. Þann 23. apríl sl. var úthlutað á Skeggjagötu og fluttu fyrstu tveir íbúarnir inn þann 9. maí. Aðrir íbúar munu flytja inn fyrir 21. maí 2024.

Niðurstaða starfshóps um nýtt tímabundið húsnæði fyrir heimilislausa karla um hverjir gætu mögulega búið í húsnæðinu var að leggja áherslu á karla sem hafa nýtt sér gistiskýlin til lengri tíma. Ákveðið var að hafa búsetu á Skeggjagötu tímabundna og hafa leigusamninga til skamms tíma sem hægt væri að framlengja ef vel gengi og hægt að segja upp með skömmum fyrirvara ef upp kæmu alvarleg brot á húsreglum. Í úrræðinu fá menn leiðsögn og stuðning við að halda heimili. Þegar talið er að þeir séu tilbúnir að flytja í annað húsnæði, hvort sem það er húsnæði með stuðningi eða ekki, fá þeir aðstoð við það. Ekki er gerð krafa um að menn séu án áfengis eða vímuefna á Skeggjagötu. Ákveðið var að samreka Skeggjagötuna með Njálsgötunni en þar er rekið heimili fyrir heimilislausa karlmenn.

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsbústöðum hefur velferðarsvið greitt Félagsbústöðum frá ágúst 2022 til apríl 2024 samtals 7,8 m.kr. í húsaleigu og hússjóð eða um 371 þús.kr./mán.

